

Lög félags um TMF Tölvumiðstöð

- 1.gr.** Nafn félagsins er TMF Tölvumiðstöð. TMF stendur fyrir Tækni – Miðlun – Færni. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
- 2.gr.** Tilgangur félagsins er að starfrækja miðstöð, sem hefur það að megin markmiði að stuðla að aukinni og markvissari tölvunotkun fatlaðra, einkum með fræðslu og ráðgjöf.
- 3.gr.** Félagið skal vera í tengslum við stofnanir og samtök, sem vinna að málefnum fatlaðra.
- 4.gr.** Aðild að félaginu geta átt samtök eða stofnanir sem vinna að málefnum fatlaðra. Aðilar að TMF Tölvumiðstöð eru: Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) Styrktarfélag lamara og fatlaðra (SLF), Landsamtökin Þroskahjálp og Blindrafélagið.
- 5.gr.** Aðilar tilnefni einn fulltrúa hver og annan til vara í stjórn félagsins fyrir aðalfund ár hvert og komi tilnefningin til framkvæmda frá næsta aðalfundi. Formaður skal kosinn á aðalfundi skv. 8.gr. en að öðru leyti skipti stjórnin með sér verkum.
- 6.gr.** Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk.
- 7.gr.** Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert og skal hann boðaður með sannanlegum hætti með hálfsmánaðar fyrirvara. Heimilt er að fundarmenn sitji fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Atkvæði á aðalfundi hafa stjórnar- og varastjórnarmenn.
- 8.gr.** Fastir dagskrárliðir aðalfundar eru:
 - a. Starfsskýrsla TMF.
 - b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun næsta árs
 - c. Lagabreytingar.
 - d. Kosning formanns. Formaður skal kosinn til tveggja ára og má endurkjósa tvisvar.
 - e. Önnur mál.
- 9.gr.** Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist formanni stjórnar eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skulu þær ásamt fjárhags- og starfsáætlun sendar aðilum til umsagnar. Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæða.
- 10.gr.** Stjórnin getur gert fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hönd félagsins.
- 11.gr.** Stjórnarfund skal boðaður með viku fyrirvara. Formanni er skylt að boðaður til stjórnarfundar, æski stjórnarmaður þess.
- 12.gr.** Ársreikningar TMF skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
- 13.gr.** Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningur skal sendur með fundarboði um aðalfund.
- 14.gr.** Aðilar geta sagt sig úr félaginu, en eiga þá ekki rétt til endurgreiðslu framlags síns. Við slit félagsins skiptast eignir þess jafnt milli þeirra sem þá eiga aðild að því.
- 15.gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík 18. maí 2022

(Lög frá 6. maí 1997, breytt 13. maí 2008, 11. maí 2011, 18.maí 2021 og 18. maí 2022)